

AUGLÝSING

um breyting á deiliskipulagi við Engidalsskóla, Hafnarfirði.

Bæjarráð Hafnarfjarðar hefur samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkt þann 16. júlí 1998 breytingu á deiliskipulagi á svæði Engidalsskóla.

Breytingin gerir ráð fyrir að byggt sé við norðurenda núverandi skólabyggingar og komið fyrir færanlegum kennslustofum og íþróttahúsi sunnan hennar með tilheyrandi stækkun skólalóðar til suðurs. Við þetta fellur úr gildi deiliskipulag, sem staðfest var af félagsmálaráðherra 27. maí 1981.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 5. ágúst 1998.

Jóhannes S. Kjarval skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag sumarhúsabyggðar í landi Bíldsfells/Tungu, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag sumarhúsabyggðar í landi Bíldsfells-/Tungu, Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagið öðlast nú þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 20. ágúst 1998.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, Engidalsskóli.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. ágúst 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Breytingin varðar lóð Engidalsskóla við Breiðvang, opið svæði verður að hluta stofn-
anasvæði og opið svæði til sérstakra nota.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfísráðuneytinu, 4. ágúst 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.